

Grindavíkurbær
Atli Geir Júlíusson
Víkurbraut 62
240 Grindavík

Reykjavík, 9. maí 2022
UST202204-193/B.S.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag - Grindavík - golfvöllur - hreinsivirki og stígar. Umsögn

Vísað er til erindis Grindavíkurbæjar dags. 22. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreindar breytingar á aðalskipulagi bæjarfélagsins.

Hreinsivirki og frárennislögn: Í greinargerð segir: „*Með þessu er verið að uppfylla skilyrði laga og reglugerða ásamt því að vernda almenning og umhverfið gegn mengun af völdum fráveitu í Grindavík.*” Umhverfisstofnun telur þessa framkvæmd jákvæða.

Göngu- og reiðhjólástígar: Uppbygging stíga meðfram Nesvegi sem nýtast til útivistar og sem flóttaleið ef til náttúruhamfara kemur. Umhverfisstofnun telur að leggja eigi stígana með Nesvegi helst í vegfláa þannig að ekki verði tekið algerlega nýtt svæði undir stígana.

Stækkun golfvallar: Gert er ráð fyrir stækkun til austurs og kemur fram í greinargerð að hér sé um röskuð svæði að ræða sem Umhverfisstofnun telur jákvætt að nýta. Ef hins vegar reynist nauðsynlegt að færa hluta golfvallarins vegna ágangs sjávar ætti að forðast að raska hrauni og við hönnun vallarins að leggja áherslu á að halda óröskuðu hrauni sem hluta vallarins.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umræddar breytingar á aðalskipulagi.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur